

48. fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fundargerð

Fundur haldinn fimmtudaginn 28. september 2023 kl. 14:30 að Garðvegi 1, Suðurnesjabæ.

Viðstaddir:

Guðmundur Grétar Karlsson, fulltrúi SSS
Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja (í leyfi)
Nanna Kristjana Traustadóttir, fulltrúi Keilis
Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir, fulltrúi Suðurnesjabæjar
Sindri Gíslason, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands
Ægir Karl Ægisson, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

Dagskrá fundarins:

1. Síðustu fundir og uppákomur

Forstöðumaður Hanna María sagði frá síðustu fundum og uppákomum. Forstöðumaður fundaði með Hugrónu forstöðumanni Nýheima á Höfn þar sem gerð var stefna fyrir setrin tvö. Ægir Karl mun taka við og koma svo stefnunum áfram á stjórn.

Fjöldi skólahópa kom í heimsókn í maí og júní. Það komu líka óvenju margir erlendir skólahópar.

Skrifað var undir aðildasamning að Fablab Suðurnesja þann 14. júní og unnið er að því að gera húsnæði Fablabsins innan FS tilbúið og auglýst hefur verið eftir verkefnisstjóra.

Hluti hússins var málaður að utan í sumar frekar en að byrja á að endurnýja klæðninguna.

Daníel hefur farið í tvær ferðir erlendis á síðustu mánuðum, í boði GeoCamp. Fyrst á lokafund samstarfsverkefnis sem var haldinn í Tékklandi og svo á ráðstefnu Unesco jarðvanga sem haldin var í Marokkó.

Sölvi Rúnar fór svo á ársfund, og mögulega lokafund, INTERACT sem haldinn var á Toolik fieldstation í Alaska um miðjan september.

Ársfundur Samtaka þekkingarsetra var haldinn á Selfossi í lok ágúst. Þar var fjallað um stoðir setranna skv. samningum við ráðuneytið og hvernig má auka samstarf setranna við ráðuneytið þegar kemur að menntun, rannsóknum og nýsköpun. Aðalfundur var svo haldinn daginn eftir. Aftur er komið að þekkingarsetri Suðurnesja að sitja í stjórn og hefur Ægir Karl tekið að sér að vera ritari og þegar mætt á nokkra fundi.

2. Samningsgerð við ráðuneytið

Forstöðumaður sagði frá vinnu ráðuneytis til að undirbyggja nýja samninga við þekkingarsetrin. Fundað var mánudaginn 18. september og þar var stuðst við spurningalista sem Hanna María hafði svarað. Þetta var fjárfundur með Lóu Auðunsdóttur, Þórarni Sólmundar og Sigurði Steingrímssyni frá ráðuneytinu. Hanna María sagði frá starfsemi þekkingarseturs Suðurnesja.

3. Sumarið – gestafjöldi og gisting

Forstöðumaður sagði frá móttöku gesta í sumar. Gestafjöldi það sem af er ári eru 1.823 manns, sem er aukning um 500 manns síðan í fyrra. Nemendur í skólahópum voru 200 fleiri í ár en síðast og heimsóknum erlendra ferðamanna fjölgaði sömuleiðis um 200. Fín mæting var á fyrstu Safnahelginni eftir Covid. Gestir á bæjarhátíðinni voru aðeins 81 en voru vanalega um 400 á Sandgerðisdögum.

4. Starfsgreinakynningin

Forstöðumaður sagði frá skipulagningu starfsgreinakynningarinnar en hún verður haldin fimmtudaginn 5. október frá kl. 9-12 í Íþróttahúsinu í Keflavík. Kynningin verður svipuð að stærð og síðast, starfsgreinar sem verða kynntar eru 109 talsins og yfir 120 manns frá fjölmörgum fyrirtækjum og stofnunum munu sjá um það. Nemendur í 8. og 10. bekkjum eru svo 807 og þeim til viðbótar mæta nýnemar frá Keili á kynninguna og valdir hópar úr FS auk þess sem Fjölsmiðjunni, Samvinnu og MSS hefur verið boðið að nýta sér kynninguna að vild.

5. Önnur mál

Prófkúrupappírar vegna prófkúru Ægis Karls voru undirritaðir og Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir skráð sem raunverulegur eigandi þekkingarsetursins hjá fyrirtækjaskrá.

Fundarfólk ræddi um að æskilegt væri að ýta á Suðurnesjabæ að taka afstöðu til þess hvort efla skyldi starfsemi þeirra sýninga sem Þekkingarsetrið hefur umsjón með.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 23. nóvember kl. 14:30.

Fundi var slitið kl. 16:00.

Ægir Karl Ægisson tók saman fundargerð.

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir - Sign

Sindri Gíslason - Sign

Halldór Pálmar Halldórsson - Sign

Nanna Kristjana Traustadóttir - Sign

Guðmundur Grétar Karlsson - Sign

Hanna María Kristjánsdóttir - Sign

Ægir Karl Ægisson - Sign